

Til nefndarmanna í stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis

Hafnarfirði, 29. maí 2017

Efni: Andmæli við tillögu dómsmálaráðherra um skipan dómara við Landsrétt

Undirritaður héraðsdómari var meðal umsækjenda um stöðu dómara við Landsrétt og einn af 15 umsækjendum sem dómnefnd samkvæmt 4. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla mat hæfasta umsækjenda til að gegna starfi dómara við Landsrétt í álitum því sem dómnefndin skilaði dómsmálaráðherra 19. maí síðastliðinn.

Nú er komið í ljós að dómsmálaráðherra er ekki sömu skoðunar og dómnefnd um hæfi þeirra 15 umsækjenda sem dómnefndin taldi hæfasta og hefur í dag gert tillögu til Alþingis þar sem undirritaður héraðsdómari og þrír aðrir af hæfustu umsækjendum eru ekki nefndir. Í staðin gerir ráðherra tillögu um fjóra núverandi héraðsdómara.


Í rökstuðningi ráðherra til Alþingis er vísað til þess að þrír matsþættir, sem sérstaklega sé vikið að í reglum nr. 620/2010 um störf dómnefndar, séu látnir liggja milli hluta með því að gera ekki upp á milli umsækjenda hvað þá þætti varði. Um sé að ræða matsþætti er lúta að stjórn þinghalda, samningu og ritun dóma og almenna starfshæfni. Með því að gera ekki tilraun til þess að leggja tvo fyrrnefndu þættina til grundvallar heildarmati verði ekki annað ráðið en að **reynsla dómara fái ekki það vægi sem tilefni sé til og gert sé ráð fyrir í reglum nr. 620/2010.**

Af þessu tilefni leyfir undirritaður sér að vekja athygli stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis á því að með tillögu ráðherra er undirritaður tekinn út **einn** héraðsdómara **án þess** að finna megi ástæðu þessa í skýringum ráðherrans. Undirritaður var skipaður héraðsdómari 15. maí 2010, eða fyrir sjö árum. Meðal þeirra sem ráðherra gerir tillögu um er héraðsdómari sem skipaður var sama dag og undirritaður og hefur því gengt embætti héraðsdómara **nákvæmlega jafn lengi**. Breyting ráðherra á niðurstöðu dómnefndar er því öðrum þræði á **skjön við eigin rökstuðning**. Það leiðir hugann að því að önnur og ef til vill ólöglegt sjónarmið hafi ráðið mati ráðherra á hæfi umsækjenda. Í öllu falli er ljóst að **skýringar** ráðherra **fara ekki saman við þá breytingu** sem að mér snýr að því er varðar jafnlanga reynslu af störfum dómara en auk sjö ára reynslu sem héraðsdómari hef ég starfað í 14 ár við stjórnarsýslustörf, 12 ár sem lögmaður.

Þá er að mínu mati einnig aðfinnsluvert að ráðherra gerir breytingu á þeim matsþáttum sem fjallað er um í fyrrnefndum reglum nr. 620/2010 án þess að gefa umsækjendum kost á að tjá sig um slíka **grundvallarbreytingu á hæfnismati**.

Er þess eindregið farið á leit við heiðraða stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis að nefndin víki frá tillögu ráðherra hvað undirritaðan varðar, sem metinn var **hæfari** af dómnefndinni en þeir fjórir héraðsdómarar sem ráðherra gerir nú tillögu um til Alþingis.

Virðingarfyllst,



Jón Höskuldsson héraðsdómari s. 893 7020